

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. október 2023 í máli nr. 55/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Heiðrún Björk Gísladóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 17. júní 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili krefst þess að fá endurgreiðslu vegna skila á gaskúti í formi peninga í stað inneignarnótu.

### II

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili krafist þess fyrir um fjórum árum síðan að viðskiptavinir hans myndu skipta járngaskútum út fyrir plastgaskúta. Hafi sóknaraðila þótt hann þurfa að greiða mikið á milli við skiptin, sennilega í kringum 30.000 krónur með áfyllingu af gasi. Þá kveðst sóknaraðili jafnframt hafa keypt einn 5 kg gaskút. Við kaupin kveðst sóknaraðili hafa fengið þær upplýsingar frá starfsmanni varnaraðila að sóknaraðili fengi greitt skilagjald við skil á kútnum aftur til varnaraðila. Sóknaraðili kveðst nýverið hafa farið á starfsstöð varnaraðila með það fyrir augum að skila 5 kg gaskútnum. Hafi varnaraðili neitað að greiða skilagjaldið í formi peningagreiðslu og gefið út inneignarnótu til sóknaraðila. Sóknaraðili byggir á því að hann hafi aldrei verið upplýstur um að skilagjaldið yrði greitt í formi inneignarnótu. Þá hafi starfsmaður varnaraðila fullyrt að varnaraðili greiddi ekki út háar fjárhæðir í peningum en í þessu tilviki hafi skilagjaldið verið 11.160 krónur. Sóknaraðili kveðst vera ósáttur við þessa viðskiptahætti varnaraðila. Honum hafi aldrei verið tjáð að greiðsla skilagjalds yrði í formi inneignarnótu og ekki fengið neinar upplýsingar um við hvaða fjárhæð varnaraðili miði endurgreiðslu í formi peninga. Sóknaraðili kveðst aðeins versla gas og eldsneyti af varnaraðila og aðeins ef hann þurfi að fara út á land.

Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa segir að kærunefndin geti óskað eftir því að málsaðilar leggi fram gögn í máli. Þá segir í 4. mgr. sama ákvæðis:

*„Sé kvörtun metin ótæk til meðferðar, skv. e-lið 1. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur nefndin veitt neytanda stuttan frest til úrbóta.“*

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað máli frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar. Frávísun kvörtunar með vísan til framangreinds

ákvæðis á við ef kvörtun er svo óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að mál sé ekki tækt til úrskurðar.

Engin gögn bárust með kvörtun sóknaraðila. Þann 19. júní 2023 var óskað eftir framlagningu gagna til stuðnings kröfu sóknaraðila í málinu. Krafan var ítrekuð með bréfi, dags. 12. júlí 2023. Hefur sóknaraðili ekki orðið við beiðni kæruneftdarinnar.

Í málinu liggja því engin gögn fyrir sem staðfesta viðskipti málsaðila. Þá liggja ekki fyrir gögn með upplýsingum um tilhögun þjónustu varnaraðila. Kæruneftndin telur sér þar af leiðandi ekki fært að kveða upp úrskurð um kröfu sóknaraðila á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Kæruneftndin bendir á að sóknaraðili getur óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar að nýju með framlagningu gagna til stuðnings kröfu sinni.

### III

#### Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Heiðrún Björk Gísladóttir

---

Hildur Leifsdóttir